

Jónas Ragnarsson: Siglfirsk jól

Hvað segja gömul blöð um jólahald á tuttugustu öld?

Hugur hinna fullorðnu hvarflar ekki síst til æskuáranna þegar jólin nálgast. Þá rifjast upp ýmislegt um jólahald og jólasíði. Lítum í gömul blöð.

1902: Fátækustu börnin fengu mest

Þáfaktor Grönvold bauð um 40 börnum á jólatré á jóladagskvöld, og mörgum foreldrum barnanna, og veitti þeim og börnunum af hinni mestu rausn, eins og þeim hjónum er lagið. Sérstaklega lét Grönvold sér annt um að fátækustu börnin fengju sem mest af sælgætinu og gullunum af jólatrénu. Var unun að sjá hvað börnin voru glöð og ánægð þegar þau hoppuðu í kringum tréð, syngjandi og hlægjandi. Þessi frásögn Guðmundar S. Th. Guðmundssonar birtist í Siglufjarðarbréfi í blaðinu Norðurlandi í ársbyrjun 1903.

Carl Júlíus Grönvold var verslunarstjóri Gránufélagsins á Siglufirði frá 1889 þar til hann lést, á Þorláksmessu 1903, 45 ára að aldri. Kona hans var Vilborg Jónasdóttir.

1916: Manchettskyrtur og eggjaduft

Fyrir jólin 1916 var ýmis varningur til jólanna auglýstur í siglfirska blaðinu Fram. Verslun Sigurðar Sigurðssonar seldi leirtau og manchettskyrtur, hvítar og mislitar. Hallgrímur Jónsson sagðist hafa fengið gerpúlver og eggjapúlver til jólanna. Hjá Jens Eyjólfssyni var nýkomið hið margeftirspurða aprecots-, rauðgrauts- og cremduft, ágætt í búðinga.

Og Helgi Guðmundsson læknir sagði frá því að Sören Goos stórkaupmaður hefði afhent 800 krónur til útbýtingar meðal fátæklinga og örvasa gamalmenna í Siglufirði.

1920: Spara rafljósin

Rafljósanefndin á Siglufirði birti auglýsingu í Fram nokkrum dögum fyrir jólaárið 1920. ?Hér með er skorað á alla ljósnotendur að láta ekki rafljós sín lifa að óþörfu, t. d. ekki í búðum, öðrum húsum eða herbergjum, sem ekki er verið í, að öðrum kosti mega menn búast við að rafljósin lifi ekki um jólin nema að litlu leyti. Hver sem sparar ljósin stuðlar að því að hann sjálfur og meðborgarar hans hafi nóg rafljós um jólin.?

1922: Púðurkerlingar á götunum

?Nú er að færast jólabragur á börnin í bænum,? sagði Fram á Þorláksmessu 1922. ?Til skamms tíma héldu allir strákar að nú væri komið sumar á ný. En jólatilhlökkunin gat þó raskað þessari almanaksskekkju í hugum þeirra. Boltarnir hurfu snögglega og púðurkerlingarnar ruku upp á himinhvolfið. PúðurkerlingaauMINGjarnir þjóta og hvæsa um loftið. Oftast stendur einhver lítill bláeygur götustrákur að kerlingarbaki og gleðst af því hvernig kerlingin bröltir í glæringunum. En stundum verða fyrir þessu gamlir menn og þykir hart hvernig kerlingarnar springa í fullum lífsþrótti fyrir nefinu á þeim. Og þeir svona gamlir! En svona er kvenfólkið! Norðan við húshorn stendur bláeygur strákur og hlær að viðureign karlsins og kerlingarinnar ? en þegar hann kemur heim fær hann hýðingu.?

1923: Brúðuhúsgögn fyrir börnin

?Gleddu barnið þitt á jólnum, gefðu því jólagjöf frá Hamborg,? sagði í auglýsingu í Siglufirðingi fyrir jólin 1923. Meðal gjafanna voru kaffi-, súkkulaði- og þvottastell, brúðuhúsgögn, brúður, ýlukarlar, klossar að byggja úr, ?pyramidarar,? hestar, boltar og saumakassar.

1933: Safnað fyrir björgunarskútu

Alþýðublaðið sagði frá því í desember 1933 að á Siglufirði væri mikill áhugi fyrir því að kaupa ?björgunarskútu? og að sérstakur sjóður hefði verið stofnaður í þeim tilgangi. Allar verðslanir í bænum ?hafa lofað sjóðnum 5% af staðgreiðsluviðskiptum jólavikunnar. Schiöth lyfsali hefur lofað sjóðnum allri sölu lyfjabúðarinnar 20. maí næstkomandi, en þann dag er almennt róið hér til ágóða fyrir sjóðinn.?

Á jóladag var rafstraumi veitt í fyrsta sinn í rafofna kirkjunnar á Siglufirði, sagði í Nýja dagblaðinu. Ofnarnir eru undir endilöngum fótskemli hjá hverjum bekk og auk þess eru 4 veggofnar í kór ... Vatnsorkuvél bæjarins er notuð til hitunar á ofnunum á meðan ljósapörfin er minnst í bænum. Tækin þurfa 40-50 kílóvött, og verður þá sámilega hlýtt eftir 2 tíma.

1934: Rjómatertur eftir efnum og ástæðum

Óli J. Hertervig bakari (og síðar bæjarstjóri) auglýsti í Siglufirðingi í desember 1934 að í brauðbúðum hans fengist auk þess venjulega marcipan og brauðmyndir á jólatré, karamellur, dropamarengs og konfekt í körfurnar, kransakökur, ískrem og rjómatertur við allra smekk og flestra efni að ógleymsdu jólaölinu.

Í sama blaði auglýsti Jóhann Stefánsson á Dívanavinnustofu Siglufjarðar að hann hefði dívana við allra hæfi og benti á að allir þyrftu að láta fara vel um sig á jólunum. Hann seldi einnig dívanteppi, stóla, gluggastangir og myndaramma.

1938: Óvenjuleg jólagjöf

Um þrjátíu síldarstúlkur fengu óvænta jólagjöf á Þorláksmessu 1938, fimmtíu krónur hver frá amerískum matjessíldarkaupmönnum fyrir vandvirkni við söltun sumarið áður. Síldarútvegsnefnd valdi verðlaunahafana. Þetta mæltist mjög vel fyrir hér á Siglufirði, hafði Alþýðublaðið eftir fréttaritara sínum.

1945: Valash á flöskum

Efnagerð Siglufjarðar auglýsti jólagosdrykki í Siglufirðingi í byrjun desember 1945: Vér framleiðum Valash, Grapefruit, Sítrón, Sódavatn. Vegna þess að flöskur voru ófáanlegar frá útlöndum voru viðskiptavinir hvattir til að láta ekki tómar flöskur liggja heima heldur skila þeim. Pantanir þurftu að berast fyrir miðjan mánuðinn til að hægt væri að fá gosdrykkina afgreidda fyrir jól.

1947: Rjómalaut í skammdegismyrkri

Þsjaldan hefur verið jafn lítið hátíðlegt hér um jólin eins og

nú, þótt ekki vantaði jólasnjóinn,? sagði í Siglfirðingi eftir jólin 1947. ?Lélegar útstillingar? voru í gluggum verslananna í bænum. Vinna var svo mikil ?að segja má að verkamenn hafi rétt fengið hátíðisdagana fría?. Mjólki og rjómi fengust ekki í eina viku um jólin, rafmagnið var oft að bila og jólaávextirnir komu ekki fyrr en eftir jól. ?Sama myrkur grúfði yfir bænum og venjulega, engin ljósadýrð né nokkuð í þá áttina til að gera hátíðarblæ yfir bænum.?

1948: Rándýrt skran

Í Siglfirðingi kom fram að Mjólkurbúð Siglufjarðar var opin til kl. 16 á aðfangadag 1948 og einnig kl. 10-12 á jóladag. Mjólkursamsalan vakti hins vegar athygli á því að lokað væri á jóladag. Gestur Fanndal auglýsti kómóður, útvarpsborð og stofuskápa í jólagjafir. En Hertervigsbakarí sá ástæðu til að biðja viðskiptavini sína ?góðfúslega að skila tertufötum og öðrum umbúðum fyrir áramót?.

?Sjaldan hefur hið ríkjandi ófremdarástand í verslunarmálum komið eins berlega í ljós og núna fyrir jólin,? sagði í Mjölmi. ?Það var blátt áfram hryllilegt að sjá búðargluggana. Í flestum þeirra bar mest á alls konar lituðu skrani, pappírsskrani, tréskrani, þjatursskrani. Alls konar skrani, misjafnlega ósmekklegu og óvönduðu en undantekningarlítið rándýru.?

1949: Bókabúðin engin stásshöll

?Jólabækurnar eru nú ýmist komnar eða koma með næstu ferðum,? sagði í auglýsingu frá Bókaverslun Hannesar Jónssonar í Einherja um miðjan desember 1949, bókabúð sem þjónað hafði Siglfirðingum á þriðja áratug. Bæjarbúar voru hvattir til að líta inn. ?Búðin er að vísu lítil og engin stásshöll en við munum afgreiða yður með alúð og umhyggjusemi og leitast við að gefa yður þær upplýsingar um bókaval er þér kunnið að óska eftir.?

1950: Fyrsta norræna jólatréð

Skömmu fyrir jólin 1950 beindi Fegrunarfélag Siglufjarðar þeim tilmælum til verslana ?að láta lifa ljós í sýningargluggum sínum yfir jólin ... í tilefni af því að öldin er hálfnuð?.

Það var þetta ár sem vinabær Siglufjarðar í Noregi, Holmestrand, sendi stórt og fallegt jólatré að gjöf í fyrsta sinn og var það sett upp framan við kirkjuna. ?Jólatré þetta er fagur vottur vinarhugar gefendanna,? sagði í Siglfirðingi.

Vinabær Siglufjarðar í Danmörku, Herning, hefur síðan sent jólatré árlega og hefur það verið haft á Ráðhústorgi.

1951: Jólaávextirnir með seinni skipunum

Jólaávextirnir komu stundum ekki fyrr en rétt fyrir jól. Í Morgunblaðinu 19. desember 1951 var sagt frá því að flutningaskipið Arnarfell hefði verið að koma til Reykjavíkur frá Ítalíu og Spáni með epli, appelsínur, vínber og fleiri ávexti.

Sex skip biðu þá eftir að flytja ávextina út á land, meðal annars vélskipið Helgi Helgason, sem átti að fara á hafnir frá Siglufirði til Norðfjarðar.

1954: Vetrarhjálp og veðurhús

Í desember 1954 birtu bæjarblöðin ávarp frá Vetrarhjálpinni þar sem sagt var að ungar stúlkur myndu fara um bæinn og veita móttöku framlögum, peningum, fatnaði eða öðrum verðmætum, þannig að þeir sem væru sjúkir eða áttu við aðra erfiðleika að etja gætu gert sér og sínum dagamun í tilefni jólahátíðarinnar. ?Gleðjum okkur sjálf með því að gleðja aðra,? sagði í lok ávarpsins.

En þeir sem áttu næga peninga gátu farið í Úra- og skartgripaverslun Kristins Björnssonar og keypt sér stál-, plett- og silfurborðbúnað, postulínsvasa, borðstofuklukkur, veðurhús eða ?hálsperlufestar úr íslensku síldarhreistri?.

Jólainnkaupin á Þorláksmessu voru gerð í hríðarveðri, en snjór var þó ekki orðinn svo mikill á götum bæjarins að bílar kæmust ekki leiðar sinnar.

Siglfirðingar voru prestslausir um jólin. Á aðfangadagskvöld prédikaði Jóhann Jóhannsson skólastjóri, sem var guðfræðingur en hafði ekki tekið vígslu, og á annan í jólum ætlaði Ólafsfjarðarprestur að messa.

1959: Mislit ljós á söltunarstöðvum

Farþegaskipið Gullfoss fór frá Reykjavík 19. desember 1959 í sína venjulegu jólaferð vestur og norður með viðkomu á Ísafirði og Siglufirði en endahöfnin er Akureyri,? að sögn Morgunblaðsins. Þegar skipið kom til Siglufjarðar var jólaós að byrja en jólatréð ekki enn komið upp.

Ekki var kveikt á því fyrr en að kvöldi Þorláksmessu. Var þá kominn talsverður snjór og mjög jólalegt hér um að litast,? eins og fréttaritari Morgunblaðsins orðaði það. Og margir höfðu skreytt hús sín með mislitum ljósum? en einnig hafði slíkum ljósum verið komið fyrir á sumum söltunarstöðvum og setti það hátíðlegan svip á bæinn. Jólin í heild voru eins friðsæl og ánægjuleg og hugsast getur?.

1964: Jólhangikjötið í Kjötbúðinni

?Allt á jólaborðið frá KBS.? Þetta var yfirskrift auglýsingar frá Kjötbúð Siglufjarðar í Siglufirðingi í desember 1964. Svipaðar auglýsingar höfðu birst árin á undan og ekki mikil breyting á vöruúrvalinu frá ári til árs: Ávaxtasalat, buff, dalkalæri, endur, hamborgarhryggur, hænur, lærissneiðar, niðurskorið álegg, reyktir bringukollar, rjúpur og útbeinaður? hangikjötsframpartur, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Og allt var þetta sent heim ef óskað var eftir því.

1965: Ljós út um allt

Einherji sagði frá því að Lionsklúbbur Siglufjarðar hefði gefið út jólamerki með mynd af Siglufirði. Það er ánægjulegt að geta sent kunningjum og vinum innanlands sem utan mynd af bænum okkar, um leið og við með því styrkjum gott málefni.?

Það þótti tíðindum sæta um jólin 1965 að kveikt var á jólastjörnu við Siglufjarðarkirkju og Lionsstjörnu við Sjúkrahúsið. Raflýstum krossi var komið fyrir í Kirkjugarðinum fyrir ofan bæinn og margir prýddu hús sín skrautljósum.

?Hér ríkir sterkur jólasvipur á kaupstaðnum,? sagði fréttaritari Þjóðviljans á Þorláksmessu ?og verða þetta hvít jól?. Hann sagði að þegar kveikt var á jólatrénu frá Herning hefði það reynst hátíðleg stund með birtu í hugum margra.

Myrkur skammdegisins er alltaf mikið í hinum þrönga firði við nyrstu strönd.?

1970: Tólf nýjar bækur

Mjölnir sagði frá því að fyrir jólin 1970 hefði Siglufjarðarprentsmiðja gefið út tólf nýjar bækur. Þetta voru fjórar ævintýrabækur, þrjár bækur byggðar á kunnu sjónvarpsefni, m.a. Bonanza, sextánda Siggubókin, tíunda Lottubókin, bók um Díönu, önnur um Jonna og síðast en ekki síst Tarzan hinn sigursæli, en ?að fróðra manna sögn slaga Tarzanbækurnar hátt upp í Biblíuna og rit Karls Marx og Lenins að lesendafjölda,? sagði í þessu blaði Alþýðubandalagsins. Tarzanbækur voru gefnar út á Siglufirði í rúman aldarfjórðung.

1975: Jólatré fóru um koll

Á jóladag varð jarðskjálfti út af Grímsey og fannst hann greinilega á Siglufirði. ?Jólatré fóru um koll á nokkrum stöðum og ennfremur hrundi úr búðahillum,? sagði í Morgunblaðinu. Rólegt var um jólin að öðru leyti en eftir þau breyttist veðráttan. Á annan í jólum var tólf stiga hiti en tveimur dögum síðar var komið tólf stiga frost.

1980: Friðsæl jól en fjöldi skemmtana

?Hér voru friðsæl og góð jól,? sagði fréttaritari Morgunblaðsins á Siglufirði skömmu eftir jól 1980 og tók sérstaklega fram að mikið hefði snjóað á jóladag en samt hefði verið hægt að fljúga norður daginn eftir.

Lítið heyrðist í útvarpi um jólin vegna bilunar í sendi. Nóg var þó við að vera. Á jóladag var kvikmyndasýning í Siglufjarðarbíói. Síðdegis á annan í jólum var barna- og unglingadansleikur á Hótel Höfn á vegum Rotary og Kiwanis og almennur dansleikur um kvöldið. Björgunarsveitin var með almennan dansleik að kvöldi þriðja dags jóla og Lions með barnadansleik á fjórða degi jóla.

1984: Aðventuhátíð í áttunda sinn

Á annan sunnudag í aðventu árið 1984 var haldin aðventuhátíð í Siglufjarðarkirkju í áttunda sinn. Dagskráin var fjölbreytt,

kórar sungu jólalög, ræða var flutt, lúðrasveit lék og lesið var upp úr bókum. Fréttaritari Morgunblaðsins sagði: ?Þetta framlag safnaðarins hefur safnaðarfólk kunnað að meta og oft hefur kirkjan vart rúmað þá sem sótt hafa hátíðina.?

Sagt var í frétt í DV um miðjan desember að götur væru auðar og slík einmunabliða væri að elstu menn myndu ekki annað eins. Í fréttinni var þess getið að það færðist mjög í vöxt að fyrirtæki og félagasamtök héldu litlu jól fyrir starfsmenn sína og féлага þar sem Siglfirðingar á öllum aldri ?koma saman og borða og skemmta sér? til að hita upp fyrir jólahátíðina.

1987: Innkaupin á Akureyri

Dagur sagði frá því á forsiðu á Þorláksmessu að nokkuð hefði borið á því að fólk frá Siglufirði, Ólafsfirði og Húsavík gerði jólainnkaupin á Akureyri en ekki í sínum heimabæ. Ástæðan var fyrst og fremst sögð vera góð færð og trú á að hægt væri að gera betri innkaup á Akureyri. Haft var eftir kaupmanni á Siglufirði að jólaverslun væri minni en árið áður. ?Þetta tel ég mikla skammsým því fólk vill geta farið í sína heimaverslun þegar því hentar.?



Á árum áður fannst mörgum lykt af eplum og öðrum ferskum ávöxtum boða komu jólanna,

enda voru þeir ekki á boðstólum hér á landi nema í desember.

[Áður birt að hluta í *Hellunni* í desember 2008.]

Mynd: Fengin af Netinu.

Texti: Jónas Ragnarsson | jr@jr.is